Fastanúmer 203-2823,
224-3469
225-9581
Landnúmer 107476
Staðgreinir 1.762.501
Málsnúmer 2005110185

010453

Skjal nr. U
Móttekið til þinglýsingar

- 7 DES. 2005

FRUMRIT STIMPLAÐ m. kr.

INNFÆRT

08 DES. 2005

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

**GERIR KUNNUGT:** Samkvæmt samþykkt borgarráðs þann 28. október árið 2004 er

**Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, Bæjarhálsi 1, Reykjavík**

leigjandi lóðarinnar, Varmahlíð nr. 1, Perlan, sem lýst er í 1. gr. hér á eftir með eftirgreindum skilmálum:

1. Lóðin, **Varmahlíð nr. 1, Perlan**, hér í borg, er **30.659 m$^2$** að stærð. Lögun hennar og lega er sýnd á viðfestum uppdrætti Framkvæmdasviðs Landupplýsingadeildar, dags. 18.11.2005, sem telst hluti þessa samnings.
   Á lóðinni eru eftirtaldar kvaðir:
   a. Kvöð um jarðsímastrengi og gröft.
   b. Kvöð um spennistöð R.R. (nú O.R.), umferð að henni og um gröft og legu jarðstrengja.
   c. Almenn kvöð um hvers konar lagnir borgarsjóðs eða stofnana hans, sem þörf er á.

   Lóðarhafa er skylt að hlíta deiliskipulagsskilmálum, almennum úthlutunarskilmálum og samþykktum byggingarnefndar- og séruppdráttum varðandi mannvirki á lóðinni, lagnir, leiðslur og um frágang lóðar.
2. Lóðin er leigð fyrir atvinnuhúsnæði.
3. Lóðarhafi hefur þegar byggt á hinni leigðu lóð.
   Lóðarhafa er skylt að ganga að fullu frá lóð skv. skipulagsuppdrætti.
4. Lóðin er leigð til 50 ára frá 1. júní árið 2005 að telja.
5. Lóðarhafi greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða verða lögð á hina leigðu lóð. Fjárnámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum.
6. Ársleiga af lóðinni ákveðst samkvæmt reglugerð um leigu eftir atvinnulóðir í Reykjavík.
7. Um innheimtu og gjalddaga leigunnar fer eftir þeim reglum er um innheimtu fasteignagjalda í Reykjavík gilda á hverjum tíma. Um vexti og dráttarvexti fer eftir sömu reglum. Hús og mannvirki eru að veði fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum.

Lóðarhafi og veðhafar eru skyldir að hlíta því, ef í lög verða sett ákvæði um að fasteignagjöld, lóðarleiga, opinber gjöld, skattar, vextir og dráttarvextir gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

8. Vilji borgarstjórnin ekki að loknum leigutímanum, láta hús, sem þá er á lóðinni, standa þar áfram, skal borgarstjórnin greiða lóðarhafa sannvirði hússins eftir mati dómkvaddra manna.
9. Lóðarhafa er heimilt að selja og veðsetja leigurétt að lóðinni í heild, ásamt húsum og mannvirkjum, sem á henni hafa verið gerð.

Lóðarhafi greiðir kostnað við þinglýsingu og stimplun leigusamningsins. Af þessum leigusamningi eru gerð þrjú samrit og er eitt til þinglýsingar.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 1. des. 2005

BORGARSTJÓRI Í REYKJAVÍK

Samþykki framanritað:

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR

| | | |
|---|---|---|
| Fasteignamat lóðar | kr. | 113.733.000 |
| Ársleiga 1% | kr. | 1.137.330 |

Vottar:

130650.2369

Reykjavik, 1:1000




| Nr. | X-hnit | Y-hnit |
|---|---|---|
| 302 | 21510.0000 | 16041.0000 |
| 303 | 21476.5000 | 16098.0000 |
| 304 | 21392.0000 | 16092.1962 |
| 305 | 21392.0000 | 16113.1962 |
| 306 | 21410.5000 | 16184.0000 |
| 307 | 21597.5460 | 16196.8472 |
| 308 | 21618.3121 | 16069.0801 |

Varmahlíð 1

AFRIT AF MÆLIBLAÐI 1.762.5

Reykjarvíkurborg Framkvæmdasvið
Landupplýsingadeild
REYKJAVÍK 18/11 2006